

# Minnisblað: Framtíðarskipan sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu

## Til sameiningarnefndar sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá ársbyrjun 2018 hefur Ráðrík ehf., unnið að verkefninu *Framtíðarskipan sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu* samkvæmt samningi þar um við sameiningarnefnd sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu. Á 6.fundi sínum þann 4.febrúar 2019 tók sameiningarnefnd sveitarfélaganna þá ákvörðun að fresta kosningu um sameiningu til síðari hluta kjörtímabilsins til ársins 2020, í síðasta lagi til ársins 2021. Jafnframt segir í fundargerð:

„Tímamann fram að því þarf að nota til að vinna SVÓT fyrir alla málaflokka sem koma fram í drögum að málefnaþingum og einnig þarf framtíðarsýn fyrir A- Hún að liggja fyrir. Fá þarf fram með skýrari hætti aðkomu ríkisvaldsins að verkefnum á svæðinu og stefnumörkun til framtíðar í málafnum héraðsins.“

Á þessum fundi lögðu ráðgjafar Ráðrík fram drög að samfélagssáttmála og málefnaþing er byggja á því mikla samráði sem haft var við íbúa og sveitarstjórnir sveitarfélaganna í A-Hún. Um þessa vinnu skapaðist mikil umræða í samfélögunum og vel var mætt á fundi. Að mati ráðgjafa er þetta góður grunnur til þess að byggja á SVÓT greiningu og framtíðarsýn fyrir sveitarfélögin. Tíminn líður hratt og mikilvægt að halda samtalinu á lofti, það mun einungis leiða til góðs fyrir sveitarfélögin að setja sér framtíðarsýn hvernig sem niðurstaða kosninga um sameiningu verður. Það er því mat ráðgjafa að mikilvægt sé að halda áfram vinnunni, en ekki setja hana á ís meðan beðið er viðbragða ríkisvaldsins og því er eftirfarandi lagt til :

- Starfshópar fyrir hvern málaflokk samkvæmt drögum að málefnaþingum, skipaðir af sameiningarnefnd.
- Ráðgjafar Ráðrík setja upp ramma fyrir vinnuna og verkstýra í samráði við formenn starfshópa, sem eru tengiliðir við ráðgjafa.
- Starfshópar skila skýrslu um niðurstöðu vinnunnar.

Það er skilningur Ráðrík ehf. að óskað sé eftir aðkomu fyrirtækisins við þá vinnu sem fyrir höndum er fram til kosninga um sameiningu sveitarfélaganna. Því er mikilvægt að ramma inn verk- og tímáætlun og ganga frá nýjum samningi við Ráðrík þar um.

Virðingarfyllst f.h. Ráðrík ehf.

Guðný Sverrisdóttir.